

Sigrast á hverri þraut

"Kárahnjúkavirkjun er eitt erfiðasta og best unna verkefni Impregilo til þessa," segir Gianni Porta og þakkar seiglu og metnaði starfsmanna sinna og samstarf við verkkaupa og hönnuði árangurinn



Ánægður Þegar hillir undir verklok Impregilo á Íslandi segist verkefnisstjórinn Gianni Porta sáttur við útkomuna. Þó sé ekki allt búið enn því verið sé að heilbora í Jökulsárveitugöngum og mikill frágangur eftir. — Morgunblaðið/Steinunn Ásmundsdóttir

Brátt sér fyrir endann á vinnu ítalska verktakafyrirtækisins Impregilo við Kárahnjúkavirkjun. **Steinunn Ásmundsdóttir** ræddi við Gianni Porta, sem hefur nú dvalið á íslensku öræfunum í hartnær fimm ár sem verkefnisstjóri.

Gianni Porta, verkefnisstjóri Impregilo á Íslandi, hefur starfað hér á landi í hartnær fimm ár sem yfirmaður fyrirtækisins við byggingu Kárahnjúkastíflu, borun og frágang aðrennslisganga Kárahnjúkavirkjunar og annarrar jarðgangagerðar virkjuninni tilheyrandi. Nú sér brátt fyrir endann á byggingu virkjunarinnar, vélarnar verða allar knúnar vatni á næstu vikum og starfsemi Impregilo flyst brátt af Kárahnjúkasvæðinu sjálfu yfir á Adit 2 við Axará á Fljótsdalsheiði. Fyrir utan frágang á virkjunarsvæðinu öllu verður meginþunginn á vinnu í Jökulsárveitugöngum fram á næsta ár.

"Kárahnjúkavirkjun er eitt erfiðasta og best unna verkefni Impregilo til þessa, einkum hvað varðar gangagerðina, því aðrennslisgöngin eru einhver lengstu heilboruðu göng veraldar," segir Porta. "Kárahnjúkastífla er fjórða stærsta stífla veraldar nú um stundir og hin fyrsta sinnar tegundar á slíku jarðfræðilegu svæði. Umfang framkvæmdarinnar er heldur ekki venjulegt. Við erum sáttir við okkar greiðslur og sé litið til hins gríðarlega mannafla sem þurfti til að byggja virkjunina, má segja að hún sé jafnvel einhver ódýrasta framkvæmd sinnar tegundar í heimi þegar upp verður staðið. Stöðug uppfærsla hönnunarferla og heilborun hvar sem því varð við komið hefur í raun náð niður heildarkostnaði og ég tel að hér hafi ákaflega gott verk verið unnið."

Kárahnjúkavirkjun hefur frá upphafi verið á könnu Porta. "Ég hóf verkið á því erfiða verkefni að koma upp starfsmannabúðum í snarhasti, einhverjum þeim stærstu í Evrópu á stysta tíma sem hugsast getur. Þar var um að ræða aðstöðu bæði við Kárahnjúkastíflu og við þrenn aðgöng aðrennslisganganna, á Teigsbjargi, við Axará og í Glúmsstaðadal. Þetta var stórmál, en ég hafði með mér marga reynslubolta frá öðrum verkefnum okkar. Auðvitað voru þarna erfiðleikar í byrjun, þegar maður var að reyna að átta sig á heimamarkaðinum hér á Íslandi. Hvað væri til reiðu af til dæmis byggingarefni allskonar í landinu. Ekki síður meðan verið var að fá yfirvöld og almenning til að skilja þær miklu stærðir sem um var að ræða. Við sáum ekki út úr augum í lengri tíma við að reisa búðir, verkstæði allskonar, rannsóknarstofur,

skrifstofur og þar fram eftir götunum. Allt í kapphlaupi við tímann. Svo þetta gat nú verið erfitt þarna í byrjun."

Erfiðleikarnir til að sigrast á

Porta segir dvölinna á íslenskum fjöllum mikla upplifun, oftast góða en stundum erfiða. Oft hafi þurft að taka á erfiðum málum og hann orðið skelkaður. Það sé hins vegar hluti af starfi hans að mæta áskorunum og leysa vandamál sem upp koma. "Ef verkefni eru ekki ögrandi, þá tökum við hjá Impregilo þau yfir höfuð ekki að okkur. Þannig vinnum við. Vandamál komu í dagsljósið og við leystum þau með verkkaupanum og hönnuðum mannvirkjanna. Menn hafa varla trúað að okkur skyldi t.d. hafa tekist að koma Jöklu í hjágöngin fram hjá stíflustæðinu fyrsta árið, en okkur tókst það. Málið er að þegar á bjátar verða menn bara að setjast niður og finna lausn sameiginlega."

Í byrjun stíflugerðarinnar við Kárahnjúk komu fyrstu vandkvæðin í ljós. "Þau voru leyst með því að hnika til ákveðnum verkþáttum í uppbyggingu stíflunnar. Henni var svo lokið á réttum tíma. Hvað aðrennslisgöngunum viðvíkur áttum við þar í miklum erfiðleikum með einn boranna um sex mánaða skeið, öðrum þurftum við að snúa við vegna gríðarlegs vatnsaga í berginu. Við höldum lengi vel að vatnið í göngunum myndi sjatna, eins og gerist vanalega, en það var öðru nær. Það hélt alltaf áfram að aukast og gerði alla okkar vinnu geysierfiða. Þessi staða er óvenjuleg, því þegar borað er í gegnum vatnsæðar þá stíflast þær á endanum og lokast að mestu. Á síðustu stigum frágangs í göngunum hefur vatnsausturinn enn aukist vegna þrýstings frá Háslóni, sem nú er nánast fullt. Síðasti bardaginn var fyrir rúmri viku þegar við lokuðum fyrir aðgöng 3 í Glúmsstaðadal. Við unnum þar í kringumstæðum þar sem vatnsflóðið var um þúsund lítrar á sekúndu eftir göngunum, svona svipað og að standa dag og nótt í sæmilegri á. En okkur tókst að hemja flóðið, með undirbúningi og toppskipulagningu. Við vorum satt að segja skíthræddir þarna því aðgerðin var mjög flókin. Heila nótt brösuðum við í þessu og næsta morgun gengum við til náða sáttrir við okkar verk. Við unnum bardagann." Porta segir að í gangagerðinni hafi vatnið verið langsamlega erfiðasti og verstí þátturinn. "Starfsmenn okkar þarna voru mjög ákveðnir í að ná settu marki. Og ekki bara vegna launanna sinna, heldur vegna þess að þeir horfðust þarna í augu við mikla áskorun og ætluðu sér ekkert minna en að klára málið fullkomlega. Svona er mitt fólk. Það horfist óhikað í augu við hvern vanda. Mitt hlutverk, meðal margra annarra, hefur verið að halda hinum góða liðsanda okkar vakandi og efla hann í hvívetna. Kínverjarnir, Pakistanar, Ítalirnir og Portúgalarnir hjá okkur hafa unnið afrek í hverju horni í þessu verki. Þeir eiga mikið lof skilið."

Stolt og einbeittur vilji

Tafir í gangagerðinni hafa orðið til þess að afhendingu orku frá Kárahnjúkavirkjun seinkar. Porta segir að sé tekið tillit til uppbyggingar á verksvæðum haust og vetur 2003 til 2004, byggingar stíflunnar og gerðar lónsins, heilborunar 40 kílómetra langra aðrennslisganga, heilborunar 10 kílómetra annarra gangahluta, Jökulsárganga þar sem búið er að heilbora fimm km og þremur km ólokið og að þetta hafi allt verið gert á fjórum árum, sé það allnokkurt afrek að virkjunin er að fara í gang. "Ég er ekki sérfræðingur í mannvirkjasögu en mér er til efs að mörg verkefni í heiminum hafi gengið upp á jafn skömmum tíma og hér er raunin. Þessi fimm ár á íslenska hálendinu snúast ekki aðallega um peningana fyrir verkið. Áhugi starfsmanna okkar, stolt og einbeittur vilji til að sigrast á erfiðum aðstæðum, hefur gert þeim kleift að

þrælast í gegnum oft á tíðum næsta óbærilegar kringumstæður og erfiðleika á hverjum degi. Hugsið ykkur verk eins og t.d. að steypa vatnskápuna lónmegin á Kárahnjúkastíflu í hörðustu vetrarveðrum. Slíkt verk hefur aldrei fyrr í heiminum verið unnið í desember í slíkum kringumstæðum. Impregilo hefur á tæknilegum ráðstefnum víðs vegar um heiminn greint frá Kárahnjúkaverkefninu og fyrirtæki eru farin að sýna verulegan áhuga á þeim lausnum sem notaðar hafa verið á byggingartímanum. Þessir aðilar hafa verkefni í höndunum sem staðið hafa hálfkörüð í mörg ár vegna tæknilegra blindgatna. Lausnir hér virðast geta opnað þessi verkefni upp á nýtt." Porta segir Kárahnjúkavirkjun einstaka á heimsvísu vegna nokkurra þátta. Í fyrsta lagi vegna hönnunar og byggingaraðferðar 200 m hárrar stíflu í gljufri með jarðfræðilegum eiginleikum og lögun Hafrahvammagljúfra. Það að hafa unnið yfir alla vetrarmánuðina sé annað afrek. Verkið hafi verið óvenjulega mannfrekt og að setja saman vinnuafli af 45 þjóðernum án þess að kastist verulega í kekki sé stórmál en hafi gengið lygilega vel. Tíminn í verkið hafi verið í knappara lagi og álagið því mikið. Vatnsaginn í gangagerðinni hafi skapað veruleg vandkvæði og kallað á sértækar lausnir. Á köflum hafi verið unnið á 23 stöðum í göngunum samtímis og að skipuleggja vinnu 700 manna og allskyns tækja og tóla í miklum vatnselg með aðeins eina inn- og útkomuleið fyrir lestar hafi nánast verið bilun. Skipulagningin þurfti að vera ofurnákvæm og halda varð mjög vel utan um fólkið sem vann við þessar kringumstæður. Þá segir Porta hina miklu einangrun vera undarlega reynslu fyrir fólkið hans, það sé óvant slíku frá öðrum verkstöðum. "Fólkið við Kárahnjúka vinnur erfiðisvinnu og hefur lítið komist um nema auðvitað á sunnudögum í Egilsstaði. Á þessu ári hef ég varið 5 dögum heima á Ítalíu, það er allt og sumt og kemur til vegna þess að við höfum mátt hafa okkur öll við í þessu verki."

Ýmislegt í pípunum

Porta segist ekki hafa hugmynd um hvenær hann yfirgefur Ísland endanlega. Mörgu sé ólokið. Það sé hins vegar fyrirtækið sem ákveður hvenær og hvert skuli næst haldið. Ýmislegt sé í pípunum snemma á næsta ári, t.d. í Brasilíu en kannski verði slíkur staður talinn alltof vinalegur fyrir hann, sem sé að verða sérfræðingur í erfiðum og hættulegum verkstöðum. "Vera mín á Íslandi hefur reynst mér jákvæð reynsla. Ég hef lært margt gegnum bæði andstreymi og góða hluti og séð hvernig við höfum smám saman unnið á. Þetta er eins og með Kárahnjúkastíflu, allt sest til með tímanum," segir Porta.